

Fundargerð Skólanefnd 30.01.2018

Mætt; Sigurgeir Höskuldsson formaður, Helena Eydís Ingólfssdóttir, Kolbrún Ada Gunnarsdóttir, Hjálmar Bogi Hafliðason, Birgitta Bjarney Svavarsdóttir, Lilja Sigurðardóttir, Ruth Þórarinsdóttir, Halldór Jón Gíslason, Herdís Sigurðardóttir og Valdimar Stefánsson.

Efni fundar

1. Rekstur skólans
2. Annaruppgjör haustannar 2017
3. Námskrármál
4. Breyting á skólareglur varðandi vottorð, prófadaga og skil á verkefnum
5. Reglur um útleigu skólahúsnæðis
6. Önnur mál

Fundur settur af formanni.

1. **Rekstur.** Herdís fer yfir rekstraryfirlit 2017. Árinu skilað í 12,8 mkr. hagnaði vegna tilkomu rekstrarfjár. Gert ráð fyrir 3 milljónum í sértekjur, fengum 13. Styrkur til fámennra skóla og aukafjárveiting. Laun á pari við áætlun, ferðir og fundir yfir. Einungis farið á þá fundi sem þóttu allra nauðsynlegastir. Aðkeypt þjónusta vel undir áætlun. Húsnæði yfir áætlun.
 - a. Leiga til PCC og Norðurþings mikil kjarabót.
 - b. Húsaleiga mun hækka um 13% á árinu 2018.
 - c. Fyrirspurn frá Hjálmari vegna tæknimála. Áætlað að skipta um server og færa hann til innanhúss.
2. **Uppgjör haustannar 2017.** Halldór Jón fer yfir annaruppgjör haustannar 2017.
 - a. Nemendum fækkar á milli anna, eðlilegt miðað við þróun.
 - b. Mæting í sögulegu lágmarki, fer í fyrsta sinn niður fyrir 90%, var 89%.
 - i. Mikið áhyggjuefni, margir samliggjandi þættir sem ýta undir verri mætingu.
 - c. Meðaleinkun komin niður í 6,9.
3. **Reglur um útleigu húsnæðis.** Herdís fer yfir reglur um útleigu húsnæðis. Svo sem umgengni húsnæðis. Taxtinn byggir á verðskrá þekkingarnetsins.
 - a. Reglur bornar upp til samþykkis. Samþykkt samhljóða.
 - b. Möguleikum á útleigu yfir sumartímann velt upp.
4. **Viðbætur við skólareglur.** Herdís fer yfir fyrirhugaðar viðbætur við skólareglur.
 - a. **Fyrsta regla.** Frestur vegna verkefnaskila. Mikið um beiðnir um frest til verkefnaskila á haustönn 2017. Hefur aukist á síðustu árum. Skiladögum verður ekki breytt nema með gefnu leyfi skólastjórnenda. Veittur skilafrestur ef brýna nauðsyn beri til.
 - b. **Próftafla.** Nemendur skipulögðu utanlandsferðir á prófatíð. Frá og með vorönn 2018 verður prófatíð ekki breytt vegna persónulegra erinda nemenda. Skólinn ákveður próftöflu. Nemendur hafa ákveðinn frest til þess að skila inn breytingartillögur. Eftir það verða ekki gerðar breytingar nema brýna nauðsyn beri til.
 - c. **Vottorð.** Sótt er um vottorðsmætingu hjá aðstoðarskólameistara. Skólahjúkrunarfræðingur metur umsóknina og tekur nemandann í viðtal. Nemandinn mætir því næst reglulega í viðtöl. Mæti nemandi ekki reglulega í umsamda

viðtalstíma hjá skólahjúkrunarfræðingi missir vottorðsmerkingu. Vottorðið veitir ekki undanþágu frá námskröfum.

d. Breytingarnar bornar upp til samþykkis og samþykktar samhljóða.

5. **Námskrárvinna.** Herdís fer yfir fyrirhugaðar breytingar á stefnum og áætlunum.

- a. Fyrirhugaðar breytingar á ensku og íslensku vegna skörunar við áfanga í grunnskóla.
- b. Engar fyrirhugaðar breytingar í stærðfræði.
- c. Búið að úthluta verkefnum tengdum endurskoðun á hinum ýmsu stefnum svo sem móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku, jafnréttisstefnu, viðbragðsáætlun gegn einelti og öðru ofbeldi, heilsu- og forvarnarstefnu, áffalaáætlun og starfsmannastefnu.
 - i. Persónuverndarstefna, ný löggjöf þrýstir á opinberar stofnanir að skilgreina persónuverndarstefnu og verkferla við brotum á meðferð persónuverndarupplýsinga. Skólinn þarf að skilgreina allar vinnslur á persónuverndarupplýsingum, útbúa verkferla í kringum meðferð persónurekjanlegra gagna. Stærsta verkefnið. Starfshlutfall Örnur hefur verið hækkað tímabundið til þess að takast á við þetta verkefni.
 - ii. Öryggisáætlun/viðbrögð við óveðri.

6. **Önnur mál.**

- a. Dillidagar. Ruth fer yfir stöðu mála varðandi dillidaga og fardaga. Dagarnir skiptast upp í þrautir fyrir hádegi og smiðjur eftir hádegi. Fardagarnir eru samvinnuverkefni fjarmentaskólanna. Nemendur flakka á milli skóla og sækja hinar ýmsu smiðjur og áfanga. Nemendur fá einingar fyrir þátttöku í þrautum, smiðjum og kvöldvökum. Þeir merkja við þátttöku.
- b. Hreyfidagur á dagskrá 12. febrúar. Skólinn hefur unnið lífshlaupið síðustu tvö ár og staðið sig mjög vel þar á undan.
- c. Lauganemum verður boðið í heimsókn í lok febrúar.
- d. Alþjóðlegi netöryggisdagurinn verður haldinn 6. febrúar. Áætlað að hafa dagskrá í vinnustundum.